

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Undir 1. lið var Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins í síma og undir 4. lið mætti Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Dagskrá

1. Drög að skipulagsskrá fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals

2. Örnefnaskráning

Samningur við Landmælingar

3. Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps

4. Landvarsla við Hengifoss , þjóðgarðsverðir mæta á fundinn.

5. Hengifoss, göngustígur endurbætur 2020

6. Bygging skemmu/ iðnaðarhúsnæðis

Skemmunefnd 31.01 2020, ásamt meðfylgjandi gögnum

Viljayfirlýsing Harðar Guðmundssonar 02.02 2020

7. Tilboð TGI, í könnun á staðarvali fyrir byggðakjarna og athafnasvæði dags. 27.01 2020

8. Bréf

a) Húsnæðis-og mannvirkjastofnun dags. 20.01 2020

b) Helgi Hallgrímsson dags. 20.01 2020

c) Sýslumaðurinn á Austurlandi 15.01 2020

d) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 20.01 2019

e) Umhverfisstofnun dags. 10.01 2020

9. Fjárbeiðnir

a) Minjasafn Austurlands

b) Leikfélag Menntaskólans á Egilsstöðum

c) Hallormsstaðaskóli

10. Menntastyrkir

Helga Eyjólfssdóttir, Melum

11. Fundargerðir

a) Byggingar-og skipulagsnefnd 17.01 2020

b) Samfélagsnefnd 30.01 2020

12. Skýrsla oddvita

13. Önnur mál

1. Drög að skipulagsskrá fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals

Farið var yfir drög að skipulagsskrá fyrir samfélagssjóð sem verið er að stofna. Lögfræðingur sveitarfélagsins mun í framhaldinu vinna breytingar á skipulagsskránni, samkvæmt ábendingum sem fram komu.

2. Landvarsla við Hengifoss .

Ragna Fanney fór yfir landvörsluna síðastliðið sumar. Fjöldi ferðamanna sem heimsótti Hengifoss allt síðastliðið ár var 82.656 skv, talningamæli. Flestir voru gestirnir í ágúst, yfir 23 þúsund. Í vor var efsta hluta stígsins lokað vegna aurbleytu og aftur þurfti að loka í haust, af sömu ástæðu. Vatnajökulspjóðgarður fékk á árinu 2019 viðbótarfjárveitingu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna aukinnar landvörslu við Hengifoss samtals 1,5 m kr. og var það til viðbótar við það fjármagn sem sveitafélagið leggur til landvörslunnar. Það er mat Rögnu að þörf sé á a.m.k jafn mikilli landvörslu í ár, en ekki fyrirséð hvort aftur komi fjármagn frá ráðuneytinu, ef ekki er aðeins til ráðstöfunar það fjármagn sem Fljótsdalshreppur hefur áætlað að leggja til eða 600 þús kr. , það mun ekki duga til að halda úti sömu landvörslu og á síðasta ári.

3. Hengifoss, göngustígur endurbætur 2020

Rætt um nauðsynlegar endurbætur á stígnum og skoðaðar tillögur þ.a.l. Meðal annars fela þær í sér að byggja timburpalla á stígnum og útsýnisstöðum. Samþykkt að semja við Skógarafurðir um framleiðslu á bandsöguðu timbri ca 1,2-1,5 metra breiðu. Oddviti sagði ljóst miðað við tillögu að endurbótum , að auka þurfi fjármagn sem ætlað var til endurbóta í fjárhagsáætlun hreppsins fyrir yfirstandandi ár. Fyrirliggjandi styrkir muni ekki duga til framkvæmda.

Ragna Fanney yfirgaf fundinn um kl. 16:00

4. Örnefnaskráning,

Varðar skráningu örnefni í Fljótsdalshreppi og að koma þeim í landfræðilegt upplýsingakerfi. Samstarf þetta er til að tryggja að örnefni og staðsetning þeirra glattist ekki og til að miðla upplýsingum um þau til samfélagsins. Oddvita falið að ganga frá samningi við Landmælingar um skráninguna. Starfsmaður Landmælinga mun síðan koma og kynna vinnutilhögun á verkefninu, stefnt er að því að það verði í marsmánuði.

5. Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kynja í Fljótsdalshreppi og jöfnun möguleika til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Það er stefna Fljótsdalshrepps að kynin njóti sömu tækifæra , fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu.

Endurskoðuð drög að jafnréttisáætlun sveitarfélagsins voru kynnt á síðasta fundi sveitarstjórnar. Þau hafa verið endurunnin og gerðar á þeim nokkrar breytingar sem sveitarstjórnarmenn eru sammála um að eru til bóta. Fyrirliggjandi drög að jafnréttisáætlun Fljótaldalshrepps 2020- 2023, samþykkt í fyrri umræðu sveitarstjórnar.

6. Bygging skemmu/ iðnaðarhúsnæðis

a) Skemmunefnd 31.01.2020, ásamt meðfylgjandi gögnum

Fundargerð kynnt og farið var yfir gögn sem fylgdu fundargerðinni og varða fyrirhugaða skemmubyggingu/iðnaðarhúsnæði. Ákveðið að sveitarstjórn kynni sér gögnin betur og afgreiðslu frestað til næsta fundar. Anna Jóna óskaði eftir að tekinn yrði saman kostnaður við undirbúningsvinnu.

b) Viljayfirlýsing Harðar Guðmundssonar 02.02.2020

Varðar áhuga Harðar á að taka á leigu iðnaðarrými í tilvonandi iðnaðarhúsi sem er í undirbúningi. Kynnt.

7. Tilboð TGJ, í könnun á staðarvali fyrir byggðarkjarna og athafnasvæði dags. 27.01 2020

Varðar vinnu við að finna staðsetningu á byggðarkjarna með grunnþjónustueiningu (leik- og grunnskóla, verslun) innan marka Fljótaldalshrepps, auk athafnasvæðis. Í tilboðinu er áætlaður kostnaður í eftirtalda verkliði:

a) Öflun, greining/úrvinnsla og samantekt upplýsinga, s.s. þeirra sem taka til landslags, landgerðar, náttúruvár, tengsla við skipulag, aðgengis og sálfræðilegrar upplifunar. Samskipti við heimafólk.

b) Skematísk framsetning á þremur þéttbýliskostum og hugmyndum um staðsetningu athafnasvæðis til kynningar. Skrif á lýsingu, gerð skematískra teikninga, kynning á íbúafundi og gagnaskil. Samskipti við heimafólk.

c) Frekari framsetning á einum þéttbýliskosti. Frumhönnunarvinna, skissugerð og/eða gerð grafískra teikninga, skrif á lýsingu og gagnaskil. Gert er ráð fyrir að vinnan muni nýtast sem forvinna fyrir deiliskipulagsgerð. Samskipti við heimafólk.

Tilboðið hljóðar upp á 4.797.640 kr.. Áætluð verklok eru í apríl miðað við að vinna hefjist í febrúar.

Oddviti lýsir yfir efasemdum um að rétt sé að hafa athafnasvæði með í þessari vinnu. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið. Samþykkt að Ásdís Helga verkefnisstjóri vinni með TGJ og verði tengiliður við sveitarfélagið.

8. Bréf

a) Húsnæðis-og mannvirkjastofnun dags. 20.01 2020

Kynnt. Varðar húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. HMS minnir á að sveitarfélög skulu skila inn uppfærðri húsnæðisáætlun fyrir 1. mars. Í ljósi þeirrar vinnu sem nú stendur yfir varðandi hugmyndir um byggðakjarna, telur sveitarstjórn rétt að doka við með að uppfæra áætlunina.

b) Helgi Hallgrímsson dags. 20.01 2020

Kynnt. Varðar Hólfsgerðishúsin í landi Vallholts. Helgi leggur til að kunnáttumenn frá mynjastofnun og Þjóðminjasafni verði fengnir til að meta húsin og skoða hvort möguleiki sé á varðveislu og eða endurgera þau.

c) Sýslumaðurinn á Austurlandi 15.01 2020

Varðar umsókn um útgáfu tækifærisleyfis vegna þorablóts í Végarði 8. Febrúar. Óskað er eftir umsögn Fljótisdalshrepps. Sveitarfélagið hefur veitt jákvæða umsögn.

d) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 20.01 2019

Boðun á 35 landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga, haldið á Grand hótél í Reykjavík 26. mars. Kynnt.

e) Umhverfisstofnun dags. 10.01 2020. Varðar endurvinnsluhlutfall heimilísúrgangs. Kynnt.

9. Fjárbeiðnir

a) Minjasafn Austurlands

Rekstur Minjasafns Austurlands fór 2.548.533 kr fram úr áætlun á árinu 2019. Skýrist tapið af auknum launakostnaði sem er tilkominn vegna endurskoðaðs starfsmats starfsmanna í BHM og leiðréttingar á launum í tengslum við það.

Stjórn Minjasafns Austurlands óskar eftir viðbótarframlagi frá eigendum safnsins til að koma til móts við þennan aukna launakostnað. Miðað við skiptingu á framlögum sveitarfélaganna til safnsins á árinu 2019 er hlutur Fljótisdalshrepps 81.472 kr. Samþykkt.

b) Leikfélag Menntaskólans á Egilsstöðum

Samþykkt að styrkja leikfélagið um 40.000 kr., með því að kaupa styrktarauglýsingu.

c) Hallormsstaðaskóli

Samþykkt að styrkja Hallormsstaðaskóla um 500.000 kr. til tækjakaupa.

10. Menntastyrkir

Helga Eyjólfsdóttir, Melum. Samþykktur hámarksstyrkur

11. Fundargerðir

a) Byggingar-og skipulagsnefnd 17.01 2020

Fundargerð er í 4. Liðum. Liðir 1 . og 2 . staðfestir. Fundargerð að öðru leyti kynnt.

b) Samfélagsnefnd 30.01 2020. Kynnt.

12. Skýrsla oddvita

Almannavarnarnefnd í umdæmi Sýslumannsins á Austurlandi, ásamt viðbragsaðilum hefur komið saman til fundar og rætt viðbrögð á Austurlandi við kórónuveiru, fari svo að veiran berist til Íslands. Gagnlegar upplýsingar um gang veirunnar og viðbrögð er að finna á vef Landlæknis www.landlaeknir.is/koronaveira/ og á vef Ríkislögreglustjóra, almannavarnardeild www.almannavarnir.is, upplýsingar eru uppfærðar reglulega.

Í samráði við sveitarstjórn sendi oddviti neikvæðar umsagnir frá Fljótsdalshreppi, um frumvörp til laga um Hálandisþjóðgarð og Þjóðgarðastofnun.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri funduðu með oddvita og byggingarfulltrúa um mál er varða brunavarnaráætlun Brunavarna á Austurlandi, þ.e. mögulega vatnstökustaði til slökkvistarfs og fjölda og staðsetningu brunahana í sveitinni.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálastjóra varð örlítill fjárhagslegur halli á málþingi um farsæla öldrun. Fljótsdalshreppur styrkti málþingið. Félagspjónustan greiðir þann halla sem varð, en gert hafði verið ráð fyrir að ef afgangur yrði, væri honum varið í samverustundir í Hlymsdölum.

Byggðastofnun vinnur að smíði gagnvirks yfirlitskorts með upplýsingum um aðgengi landsmanna að almennri þjónustu á vegum bæði stjórnvalda og einkaaðila. Leitað hefur verið eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um ákveðna þjónustubætti, en gert ráð fyrir að yfirlitskortið takið breytingum eftir því sem fleiri þjónustubættir bætast við.

Í tengslum við vinnu átakshóps stjórnvalda um gerð tillagna um eflingu innviða í kjölfar óveðurs sem gekk yfir landið í desember, hefur Austurbrú safnað saman upplýsingum á Austurlandi. Af hálfu Fljótsdalshrepps var sérstaklega tiltekið að gsm símasamband í Fljótsdal væri ekki í stakk búið til að sinna öryggishlutverki og bæta þyrfti þar úr.

13. Önnur mál

- a) Jóhann kom með tillögu um að Samþykkt um stjórn Fljótsdalshrepps 21.01 2013, verði breytt, þannig að heimilt verði að nota fjarfundarbúnað, a.m.k í undirnefndum sveitarfélagsins og að oddvita verði falið að koma með tillögu þess efnis á næsta sveitarstjórnarfund. Samþykkt af hálfu sveitarstjórnar.

Eftirfarandi kom fram við þessa umræðu, ákveði sveitarstjórn að ráðast í breytingar á samþykktum þ.a.l. Gunnþórunn nefndi að ef heimildin yrði bundin því að viðkomandi sveitarstjórnarmaður/nefndarmaður sem vildi nýta fjarfundabúnað þyrfti að vera staðsettur í sveitarfélaginu (eins og nú er raunin, miðað við útgefnar leiðbeiningar ráðherra, sem byggðar eru á sveitarstjórnarlögum), þjónaði það litlum tilgangi að taka inn ákvæði sem heimilaði notkun fjarfundabúnaðar og ef gera ætti breytingar á samþykktinni þyrfti að skoða hana í heild m.t.t. að þar gætu verið inni úrelt ákvæði og eða fyrirkomulag tekið breytingum, sem rétt væri að bregðast við með uppfærslu í samþykktinni, samhliða því að taka inn ný ákvæði. Anna Jóna telur eðlilegt að varamenn séu kallaðir til, ef aðalmenn hafa ekki tók á að vera viðstaddir á fundum.

- b) Eiríkur vill minna landeigendur á að huga að girðingum meðfram vegum fyrir vorið.
- c) Hann spurði einnig hvernig nafnaskráningin á Fljótsdalsgrund (öðru gistihúsinu við Végarð) stæði). Málið er í ferli hjá byggingarfulltrúa.
- d) Oddviti nefndi að ef eigi að ljúka gerð skipulagsskrár fyrir samfélagssjóð sem fyrst, muni sveitarstjórn þurfa að mæta til aukafundar á næstunni.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Fundi slitið klukkan 20:15

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)